



## Fundur í aðalstjórn Aftureldingar, 9. janúar 2024.

Fundurinn var haldinn á skrifstofu Aftureldingar kl. 18:00

### Mættir stjórnarmenn:

Birna Kristín Jónsdóttir (BKJ), Hrafn Ingvarsson (HI), Sigurður Rúnar Magnússon (SRM), Geirarður Long (GL), Inga Hallsteinsdóttir (IH), Hildur Pála Gunnarsdóttir (HPG).

### Mættir starfsmenn:

Grétar Eggertsson (GE) framkvæmdastjóri, Árni Bragi Eyjólfsson (ÁBE)

### Dagskrá:

#### 1. Áætlanir deilda

Farið var yfir stöðuna á áætlanagerð deilda og hefur SRM verið í samskiptum við Sessor við að klára frágang skrifstofunnar. Það er búið að setja upp skjölin en SRM þarf að handvinna þau öll eitthvað fyrir hverja deild. Sú vinna er að klárast og í framhaldinu verður boðaður fundur með hverri deild fyrir sig. Markmiðið er að áætlunargerð og stjórnendasýn verði klárt og kynnt fyrir stjórnnum deildanna í janúar. Lögð verður áhersla á að klára fyrst stærri deildir félagsins og fundað verður með ábyrgðaraðilum deilda. Fyrir fundi með deildum þá er markmiðið að allar áætlanir hafi skilað sér inn og að þær séu aðgengilegar í stjórnendasýn hvernar deildar.

Í framhaldi af þessari umræðu að þá var samþykkt að halda formannafund í byrjun febrúar og mun framkvæmdastjóri koma með tillögu að fundartíma.

#### 2. Rekstrarstyrkur Mosfellsbæjar

Gjaldkeri aðalstjórnar er búinn að endurreikna bæjarstyrk til samræmis við vísitölu og er 10.8% hækkun á launavísitölu nóv. 2022 til nóv. 2023. Til viðbótar kemur svo framlag vegna sumarstarfa og vinnuskóla skv. samning. Búið er að senda reikninga til Mosfellsbæjar og greiðslur eiga að berast um 25. janúar. Gjaldkeri aðalstjórnar er búin að uppreikna skiptingu í BUR og afreksstarfi og var sú tillaga samþykkt.

#### 3. Fjármál deilda

- D12 fór í fjáröflun með jólakúlur fyrir jólin 2023 og ljóst að stofnkostnaður var langt umfram heimildir deilda til fjárfestingar án samþykkis aðalstjórnar. Það liggur fyrir að tap er umtalsvert af þessari fjáröflun. Fara þarf vel yfir hvar ábyrgð liggur í þessu máli og þarf að klára frágang við kröfuhafa og ásamt því að taka afstöðu gagnvart stöðu stjórnarmanna og stjórnar deildarinnar. Gjaldkeri hefur verið í sambandi við kröfuhafa og samþykkt var að hann leiddi þetta verkefni áfram.

#### 4. Nýting á aukaframlagi Mosfellsbæjar til skrifstofu UMFA

Umræða varð í stjórn um hvernig væri best unnið með það fjármagn sem var úthlutað aukalega til aðalstjórnar. Lagt var til að byrja á því að skilgreina betur hlutverk og skyldur starfsmanna skrifstofunnar og hvaða hlutverki hún á að þjóna. Það er ljóst að bæting á starfsgildum á skrifstofu mun leiða til breytingar á hlutverkum núverandi stöðugilda.



Horfa þarf því til hvernig skrifstofan á að byggjast upp og hvernig hlutverk núverandi starfsgilda eigi að breytast við aukastarfgildi innan skrifstofunnar.

Umræða varð einnig um hvenær væri rétti tímapunkturinn til að fara að nýta fjármagnið og voru skiptar skoðanir um það. Framundan er aðalfundur félagsins og ljóst að nokkrir af stjórnarmönnum, þar á meðal formaður og varaformaður, munu ekki halda áfram. Fundarmenn voru sammála um að það væri kannski ekki rétt að núverandi stjórn tæki ákvarðanir um hvernig fjármagninu væri ráðstafað en þó væri það mikilvægt að vera búin að vinna ákveðna grunnvinnu sem lægi fyrir þegar ný stjórn tekur til starfa.

Í ljósi þessa að þá lagði framkvæmdastjóri til að heimsækja valin íþróttafélög sem teljast til sambærilegrar stærðar að umfangi og funda með þeim hvernig þeirra skipulagi er háttað og var það samþykkt. Samhliða þessu að þá færu starfsmenn að skoða sína verkefnastöðu, daglega vinnu og einnig þau verkefni sem hafa setið á hakanum með það að markmiði að stjórn væri betur upplýst um hver raunveruleg staða væri.

Framkvæmdastjóri upplýsti einnig að Sessor hefði áhuga á að kynna sína þjónustu ef Afturelding vildi útvísta hlutverki fjármálastjóra.

Stjórn var sammála um að þessi vinna færi fram núna í janúar og febrúar.

## 5. Önnur mál

1. Dagsetning aðalfundar Aftureldingar .

- a. Tillaga um að halda aðalfund Aftureldingar í fyrstu viku apríl mánaðar. Ákvörðun um dagsetningu aðalfundar verður tekin á fundi aðalstjórnar í febrúar.

2. Styrktaraðstaða

- a. Vinna er hafin við að fara í að gera styrktaraðstöðu í neðri sal og má reikna með því að málun og tiltekt eigi sér stað í janúar. Mosfellsbær er búin að ræða við aðra hagsmunaaðila um stöðuna og er það verk í vinnslu.
- b. Mikilvægt er að koma á aðgangsstýringu á styrktaraðstöðuna til þess að geta betur stýrt og haft yfirsýn yfir notkun á svæðinu.
- c. Framkvæmdastjóri sendir fyrirspurn á Mosfellsbæ vegna greiðslu sem andlag líkamsræktakorta í núverandi bæjarsamningi.

**Fundi slitlið kl. 21:15**

Grétar Eggertsson ritaði fundargerð.